

unicef 

fyrir öll börn



# Búum til pláss fyrir öll börn

---

ÁRANGUR Í INNANLANDSSTARFI



---

fyrir öll börn

**UNICEF á Íslandi 2024**

Ritstjórn:

Marín Rós Eyjólfsdóttir  
og Eva Bjarnadóttir

Prófarkalestur:

Ævar Rafnsson

Umbrot:

Inga Auðbjörg K. Straumland

Ljósmyndir:

UNICEF á Íslandi

# Efnis- yfirlit

- 4 **Áhrif og árangur**  
formáli framkvæmdastjóra
- 6 **Ungt fólk sem lét til sín taka**  
Viðtal við Stefán Inga Stefánsson
- 8 **Árangur í tölum**
- 9 **Inngangur**
- 10 **Svona vinnum við á Íslandi**
- 12 **Lykilverkefni**
  - 14 *Innleiðing Barnasáttmálans*
  - 36 *Þátttaka og áhrif barna*
  - 40 *Börn á flótta*
  - 44 *Áhrif loftslagsbreytinga á börn*
- 48 **Málsvorastarf í 20 ár**
  - 50 *Í fókus*
  - 52 *Umsagnir til Alþingis*
- 56 **Útgáfa**
- 57 **Þakkir til samstarfsaðila**

PISTILL

# Áhrif og árangur

## Formáli framkvæmdastjóra

Árangur er hægt að mæla á ýmsa vegu. Skýrslan sem hér fer á eftir er samantekt á þeim mikla árangri sem innanlandsverkefni landsnefndar UNICEF á Íslandi hafa skilað í þágu barna. Heilu sveitarfélögin hafa nú breytt vinnulagi sínu og áherslum til að þjónusta börn betur og gefa röddum þeirra og áherslumálum vægi. Sömu sögu er að segja í vel á annað hundrað leik- og grunnskólum, frístundaheimilum og félagsmiðstöðvum um allt land. Ungmennaráð og Réttindaráð þykja nú hinn sjálfsagðasti liður í stjórnvísun bæjarfélaga og skólustjórnun. Málsvarastarf UNICEF hefur skipt miklu máli varðandi ofbeldi gegn börnum og réttindi barna á flótta. Allt er þetta tíundað í skýrslunni og meira til og vona ég að lesandi sé margs vísari að lestri loknum.

Það orð sem kemur mér þó upp í huga við lesturinn – og eftir þáttöku í mörgum af þessum verkefnum – er ekki einungis mælanlegur árangur heldur **áhrif til lengri tíma**. Aukin þekking á réttindum barna, sem birtist í jafnræði, virðingu og breyttum vinnubrögðum, hefur áhrif á samfélagið sem við byggjum. Víða um heim sjáum við stjórnmalafólk keppast við að draga fólk í dilka, etja hópum hverjum gegn öðrum og reisa vegg. Börn og réttindi þeirra að engu höfð. Á sama tíma höfum við hér á Íslandi ráðist í markvissa fræðslu um réttindi barna, breytt vinnubrögðum okkar og bætt virðingu og hlustun fyrir börnum. Tugþúsundir barna þekkja nú réttindi sín og vita að það er ekki hægt að taka þau af þeim. Hér er verið að ala upp kynslóð fólks sem skilur og



metur réttindi sín. Það eru áhrif til langs tíma. Það er tilhugsun sem veitir mér huggun og von.

Það er ekki hægt að tala um árangurinn sem verkefni landsnefndarinnar hafa náð án þess að þakka fyrir stuðninginn sem þau hafa fengið frá ráðuneyti mennta- og barnamála. Án þriggja ára samstarfs-samninga sem við höfðum á tímabilinu 2022–2024 hefðum við trauðla getað byggt upp þá sérþekkingu og reynslu á réttindum barna og innleiðingu Barna-sáttmálans sem býr innan landsnefndarinnar.

Mynd: UNICEF á Íslandi

Starfsfólk landsnefndarinnar hefur unnið sem óstöðvandi vogarafl til að lyfta upp

//  
**Aukin þekking á réttindum barna, sem birtist í jafnræði, virðingu og breyttum vinnubrögðum, hefur áhrif á samfélagið sem við byggjum.**

réttindum barna á Íslandi í samstarfi við ótal samstarfsaðila, sem hver og einn skiptir máli í sínu samfélagi. Að baki þeim árangri sem hér er fjallað um eru milljón handtök, stór og smá, og óslökkvandi elja. Við leggjum þetta á okkur því við trúum því að bætt þekking á réttindum barna hafi áhrif á gæði samfélags okkar, lífsgæði allra og vissu um að það sé alltaf hægt að gera enn betur – **fyrir öll börn.**



**Birna Þórarinsdóttir**  
// framkvæmdastjóri  
UNICEF

**Stefán Ingi Stefánsson**  
// stofnandi landsnefndar  
UNICEF á Íslandi og  
framkvæmdastjóri  
árin 2004–2014



## VIÐTAL

# Ungt fólk sem lét til sín taka

## Stofnandi UNICEF á Íslandi

„Við vorum í raun bara krakkar, krakkar sem vissum að við gætum látið til okkar taka.“ Hugmyndin um stofnun landsnefndar UNICEF, Barnahjálpar Sameinuðu þjóðanna á Íslandi, kviknaði hjá hinum 26 ára gamla Stefáni, nýútskrifuðum sjúkrapjálfara undir lok árs 2002. Stefán hafði samband við höfuðstöðvar UNICEF og viðraði þessa hugmynd sem fékk góðar undirtektir og fljótlega var stofnaður undirbúningshópur.

Rúmu ári seinna, snemma árs 2004, var landsnefnd UNICEF á Íslandi formlega stofnuð og lét strax til sína taka. „Við byrjuðum að vesenast alls konar, sem var

kannski líka bara til þess að láta aðeins finna fyrir okkur,“ útskýrir Stefán. Þau vildu koma í veg fyrir brot á réttindum barna með því að benda á það sem mætti betur fara í íslensku samfélagi og leiða rétta fólkið saman til þess að bregðast við.

Þegar Stefán er spurður að því hvaða verkefni sé eftirminnilegast nefnir hann skýrslu sem bar heitið *Réttindi barna á Íslandi: Ofbeldi og forvarnir* og kom út árið 2013, en þar var áhersla lögð á að finna leiðir til að koma í veg fyrir ofbeldi gegn börnum. Í undirbúningi skýrslunnar var boðað til fundar með stjórnmalafólki



Mynd: UNICEF á Íslandi

þar sem efnið var kynnt, rætt og að lokum mótaðar tillögur um mótvægisáðgerðir í formi forvarna. Upp úr þeirri vinnu var skýrslan skrifuð og hópur barna sem orðið hafði fyrir ofbeldi fenginn til að fara yfir og gera athugasemdir við skýrsluna með stuðningi barnaverndaryfirvalda.

Stuttu síðar birtist umfjöllun í fjölmiðlum um alvarlegt ofbeldismál og þá varð til augnablik þar sem samfélagið áttaði sig á því hversu alvarleg staðan var. „Þá vorum við tilbúin með átta tillögur til stjórnvalda.

“  
**Þar fóru bara allir að gráta og ég man að einhverjir af ráðherrunum báðust afsökunar á því að kerfið hafi brugðist þessum börnum**  
”

Það voru tillögur sem við höfðum unnið mjög vel og meirihlutinn af þeim var svo

framkvæmdur nánast strax.“ Í kjölfarið fór UNICEF ásamt barnahópnum á fund ríkisstjórnarinnar. „Þar fóru bara allir að gráta og ég man að einhverjir af ráðherrunum báðust afsökunar á því að kerfið hafi brugðist þessum börnum.“

Stefán segir það hafa verið þarna sem þau áttuðu sig á því hvað þau gátu haft mikil áhrif.

# Árangur í tölum

**50%**

## **BARNA Á ÍSLANDI**

búa í sveitarfélagi sem  
vinnur að því að innleiða  
Barnasáttmálann í sam-  
starfi við UNICEF á Íslandi

**65**

## **MILLJÓNIR KRÓNA**

fyrir börn í neyð hafa  
safnast í UNICEF  
Hreyfingunni frá upphafi

**17.200**

## **BÖRN**

eru í Réttindaleik- eða  
grunnskóla, frístunda-  
heimili eða félagsmiðstöð  
sem vinnur að því að  
innleiða Barnasáttmálann  
í samstarfi við UNICEF á  
Íslandi

**2.300**

## **FULLORÐNIR**

sem starfa með börnum  
eða í þeirra þágu hafa  
lokið barnaréttinda-  
fræðslu á UNICEF  
Akademíunni, rafrænum  
fræðsluvettvangi

**4.000**

## **BÖRN**

taka árlega þátt í UNICEF  
Hreyfingunni þar sem  
börn fá barnaréttinda-  
fræðslu og styrkja UNICEF

**1.000**

## **STARFSMENN OG STJÓRNENDUR**

í leik- og grunnskólum,  
frístundaheimilum og félags-  
miðstöðvum sóttu vinnu-  
stofur um réttindi barna í  
skóla- og frístundastarfi árin  
2022–2024



# Inngangur

Undanfarin 20 ár hefur landsnefnd UNICEF á Íslandi snert líf barna með fjárframlögum til verkefna um allan heim og jafnframt unnið ótúllega að því að bæta réttindi barna á Íslandi. Árangursskýrsla um starf UNICEF hérlendis er gefin út í tilefni af 20 ára afmæli landsnefndarinnar og fjallar um áhrifin sem UNICEF hefur haft á líf barna hér á landi.

Markmið skýrslunnar er að varpa ljósi á það fjölbreytta og mikilvæga starf sem landsnefnd UNICEF á Íslandi sinnir. Í henni er að finna tölulegar upplýsingar um árangurinn, viðtöl við samstarfsaðila,

ásamt dæmum af innleiðingu Barnasáttmálans í samstarfi við sveitarfélög, leik- og grunnskóla, frístundaheimili og félagsmiðstöðvar.

Þá er farið yfir málsvarastarf landsnefndarinnar í þágu barna, sem hefur verið veigamikil sýðastliðna áratugi.

Það er okkar von að skýrslan veiti góða innsýn í það mikilvæga starf sem UNICEF á Íslandi sinnir í þágu barna á Íslandi.



# Svona vinnum við á Íslandi

UNICEF á Íslandi vinnur að því að skapa aðstæður á Íslandi þar sem öll börn þekkja réttindi sín, njóta verndar og virðingar og taka þátt í að móta eigin framtíð.

UNICEF á Íslandi leggur áherslu á eftirfarandi málaflokka:

» **Innleiðing**

**Barnasáttmálans** – að börn upplifi að þau eigi réttindi í raun og að fullorðið fólk þekki sínar skyldur. Tryggja að réttindi barna séu í forgangi stjórnvalda.

» **Þátttaka og áhrif barna**

– að börn og ungmenni hafi áhrif á ákvarðanir sem varða líf þeirra og framtíð.

**Börn á flóttu** – að börn sem sækja um alþjóðlega vernd njóti réttinda Barnasáttmálans og þeim sé ekki mismunað í umsóknarferli eða þjónustu. Að þjónusta og stuðningur við börn sem fá dvalarleyfi á Íslandi tryggji jöfn tækifæri og hafi jákvæð áhrif á framtíð þeirra.

» **Börn og loftslagsbreytingar**

– að réttindi og velferð barna sé hluti af áætlunum stjórnvalda varðandi loftslagsmál.

## Hvernig nær UNICEF á Íslandi árangri fyrir börn á Íslandi?

Til þess að ná árangri fyrir börn leggjum við áherslu á:



- » **Málsvarastarf gagnvart stjórnvöldum** til þess að vekja athygli á mismunun eða réttindabrotum á Íslandi. Við vinnum með ráðuneytum, sveitarfélögum og stofnunum að stefnumótun og jákvæðum breytingum fyrir börn.
- » **Samstarf í þágu barna.** Með samstarfsaðilum okkar vinnum við að raunverulegum breytingum og fjárfestingum sem hafa áhrif á líf barna.

» **Tengjast börnum og ungu fólki** og hlusta og lyfta því sem þau hafa að segja svo þau hafi áhrif á umhverfið sem mótar þau til framtíðar.

» **Búa til og nýta nýja þekkingu** og gögn varðandi stöðu barna á Íslandi.

» **Hafa áhrif á samfélagsumræðuna** með leiðandi hugmyndum og sterkri rödd í fjölmiðlum og á samfélagsmiðlum.

Okkar starf gengur út á að skapa jákvæðar og varanlegar breytingar fyrir börn



ÁRANGUR FYRIR ÖLL BÖRN


# Innleiðing Barnasáttmálans

UNICEF á Íslandi vinnur að því markmiði að allir þekki réttindi barna og að börn upplifi að á þau sé hlustað og þau njóti virðingar, verndar og jafnra tækifæra.

Lögfesting Barnasáttmálans á Íslandi árið 2013 markaði mikilvæg tímamót í réttarsögu Íslands en með lögfestingunni varð Barnasáttmállinn jafngildur öðrum lögum í landinu. Árið 2021 samþykktu stjórnvöld markmið og aðgerðaáætlun um innleiðingu sáttmálans til ársins 2024 sem bar heitið **Barnvænt Ísland**. Í stefnunni má finna tvö markmið sem UNICEF á Íslandi styður við. Það fyrra er að 80% barna búi í Barnvænu sveitarfélagi árið 2024 og það síðara að öllum grunnskólum landsins bjóðist að innleiða Barnasáttmálann í gegnum Réttindaskóla og -frístund UNICEF.

Undanfarin átta ár höfum við byggt upp þekkingu og verkfæri fyrir sveitarfélög, leik- og grunnskóla, frístundaheimili og félagsmiðstöðvar til þess að innleiða réttindi barna með markvissum hætti í sín störf. Við höfum séð jákvæðar breytingar á þekkingu og viðhorfum til réttinda barna og fjöldamörg verkefni og aðgerðir í þágu barna líta dagsins ljós. Við erum stolt af árangrinum sem samstarfsaðilar okkar hafa náð og viljum ná enn meiri árangri fyrir öll börn.

Þá sinnum við öflugri barnaréttindafræðslu sem er opin og aðgengileg öllum áhugasömum á heimasíðu UNICEF. Við fylgjumst líka með framkvæmd Barnasáttmálans og eigum í góðu samstarfi við önnur félagasamtök sem vinna að mannréttindum barna á Íslandi.



## Barnvæn sveitarfélög

Aukin vitund um allt land

UNICEF á Íslandi vinnur með sveitarfélögum að innleiðingu Barnasáttmálans í starfsemi þeirra. Við tryggjum að starfsfólk fái barnaréttindafræðslu og að sveitarfélagið vinni með ungmenningaráðum sínum og öðrum börnum að því að greina stöðu barnanna á svæðinu og móta tillögur að úrbótum í þágu barna. Áhrif Barnvænna sveitarfélaga aukast á hverju ári.

# Lykilárangur

## Árangur um allt land

- Frá 2016 hafa 23 sveitarfélög hafið vinnu við að verða barnvæn í samstarfi við UNICEF og fylgja verklagi um innleiðingu sem miðar að því að auka þekkingu á réttindum barna, auka þátttöku og áhrif barna, styðja við ákvarðanatöku sem byggir á bestu hagsmunum barna og koma í veg fyrir mismunun.
- Tvö sveitarfélög, Akureyri og Kópavogur, hafa fengið viðurkenningu frá UNICEF. Bæði sveitarfélögin fengu endurnýjun á viðurkenningunni árið 2024.
- Sveitarfélögin ná til 50,7% barna á Íslandi eða 42.946 barna.
- Um 70 ungmenni sitja í stýrihópum Barnvænna sveitarfélaga.
- Barnvæn sveitarfélög eru hluti af áætlun stjórnvalda um innleiðingu Barnasáttmálans, Barnvænt Ísland. Mennta- og barnamálaráðuneytið og UNICEF á Íslandi vinna saman að innleiðingunni í gegnum samstarfssamning.
- Ungmennaráð sveitarfélaganna taka virkan þátt í innleiðingunni og eiga sæti í stýrihópi sem fylgir innleiðingunni eftir.
- Við leiddum saman 18 bæjarstjóra Barnvænna sveitarfélaga og mennta- og barnamálaráðherra á fundi í Hörpu í lok árs 2023 til þess að ræða innleiðingu laga um Barnasáttmálann og laga um samþættingu þjónustu í þágu farsældar barna.



## Dæmi um árangur

### Barnvænna sveitarfélaga

Breytingar í þágu barna vegna innleiðingar Barnasáttmálans í samstarfi við UNICEF á Íslandi:

#### Aukin þekking á réttindum barna:

- Fræðsla um Barnasáttmálann hefur verið fest í sessi á Akureyri og í Kópavogi sem hluti af nýliðafræðslu fyrir starfsfólk.
- Fjölmargir grunn- og leikskólar á Akureyri og í Kópavogi eru orðnir viðurkenndir Réttindaskólar UNICEF og stefnt er að því að allir leik- og grunnskólar, frístundaheimili og félagsmiðstöðvar fái viðurkenningu sem Réttindaskólar og -frístundir innan fárra ára.

#### Stuðningur við viðkvæma hópa:

- Íþróttafélaginn á Akureyri tryggir liðveislu fyrir börn með stuðningsþarfir á íþróttæfingum.
- Hinsegin félagsmiðstöð Akureyrar opnuð.
- Sérstakur stuðningur við tómsundaþátttöku barna af erlendum uppruna í Kópavogi.

#### Barnvænt hagsmunamat:

- Á Akureyri hefur barnvænt hagsmunamat verið fest í sessi í fræðslu- og lýðheilsuráði sem er fyrsta skrefið í átt að því að öll ráð taki það upp.

## Barnvænna umhverfi/

### þjónusta:

- Bergið Headspace opnaði útibú á Akureyri.
- Strætóleiðir og snjómokstur á Akureyri var yfirfarinn og gerður barnvænni.
- Aukið hjólastólaaðgengi við stofnanir og svæði sem börn nota á Akureyri.
- Lýðheilsuhús Kópavogsbæjar með áherslu á geðrækt opnaði. Áhersla er lögð á fræðslu sem börn kalla sjálf eftir.
- Sálfræðingar í skólum Kópavogsbæjar.
- Bætt umferðaröryggi barna í Kópavogi.

#### Leiðir til þátttöku og áhrifa barna eflingar:

- Barnaþing og skólaþing fest í sessi á Akureyri og í Kópavogi.
- Efling ungmennaráða Akureyrar og Kópavogs með bættri fræðslu og umgjörð.
- Spjaldtölvuhnappar sem bein leið fyrir börn á Akureyri og í Kópavogi að tilkynna áhyggjur til barnaverndar.
- Aukin þátttaka barna í skipulagsmálum Kópavogs fest í verklag.
- Okkar skóli er verkefni Kópavogsbæjar þar sem nemendur grunnskóla fá úthlutað fjármagni og ráðstafa eftir eigin óskum í úrbætur í skólanum.

*Hér er hægt er að lesa meira um framúrskarandi verkefni Barnvænna sveitarfélaga í þágu barna:*





**Amanda Karima Ólafsdóttir**  
// deildarstjóri frístundaeildar  
menntasviðs Kópavogs

## VIÐTAL

# Barnvæn sveitarfélög huga að réttindum allra barna

„Mér fannst verkefnið strax spennandi. Mér fannst þetta svo frábært verkfæri fyrir okkur sem störfum með og fyrir börn,“ segir Amanda um upplifun sína af Barnvænu sveitarfélagi. „Við fundum auðvitað strax að þetta yrði umfangsmikið verkefni, því við yrðum að breyta viðhorfi fólks, menningu og hvernig fólk starfaði með börnum jafnvel, en ég var rosalega spennt.“

Amanda segist finna mun á störfum sveitarfélagsins og að strax frá fyrstu viðurkenningu hafi starfsfólk verið ákaflega stolt af því að vinna fyrir Barnvænt sveitarfélag. Í kjölfarið varð þeim umhugað um að gera enn betur.

Kópavogsbær hefur unnið að mörgum framúrskarandi verkefnum í tengslum við Barnvænt sveitarfélag, svo sem verkefnið **Velkomin í Kópavog** fyrir börn með annað móðurmál en íslensku, mælaborð um velferð barna og tilkynningarnapp sem gerir börnum kleift að hafa samband við barnavernd svo nokkur dæmi séu nefnd. „Hluti af því að vera Barnvænt sveitarfélag er að það ýtir við þér að huga að réttindum barna, og allra barna,“ segir Amanda og bætir við: „Þegar þú sérð svona árangursrík verkefni verða að veruleika langar þig ekkert að hætta, þig langar bara að halda áfram og gera enn betur.“

„Börnin í ungmennaráðinu tala mikið um það út á við hvað það sé gott að búa í Barnvænu sveitarfélagi. Þau upplifa að á þau sé hlustað og þau hafa fengið sínar tillögur samþykktar í fjárhagsáætlun og fleira, og þessu eru þau mjög stolt af.“ Allar hugmyndir frá ungmennaráði og frá barnþingi bæjarins eru teknar til skoðunar hjá sveitarfélaginu

“  
**Mér fannst þetta  
svo frábært  
verkfæri fyrir  
okkur sem  
störfum með og  
fyrir börn**  
”

og eftirfylgni til barnanna tryggð svo þau viti hvar málin standa.

Næstu skref hjá sveitarfélaginu eru að tryggja að ná betur til samfélagsins í Kópavogi með það að markmiði að börn, foreldrar og aðrir íbúar viti að sveitarfélagið sé Barnvænt sveitarfélag og

þekki réttindi barna.

## DÆMI

# Samstarf um aukin réttindi og farsæld barna

Við styðjum stjórnvöld í því að efla réttindi barna og tryggja farsæld þeirra. Með lögum um samþættingu þjónustu í þágu barna er áherslan á að setja barnið í miðjuna og tryggja öllum börnum stuðning við hæfi. Í þeirri vinnu höfum við stutt við:

- » gerð mælaborðs um farsæld barna, en mælaborðið var upphaflega þróað af Kópavogsbæ í tengslum við innleiðingu Barnvæns sveitarfélags.
- » þróun Farsældarskólans sem styður við þjálfun og fræðslu um farsældarlögin.

- » gerð handbókar um innleiðingu farsældarlaganna.
- » stefnumótun stjórnvalda varðandi farsæld barna.

Á bæjarstjórafundi UNICEF og mennta- og barnamálaráðuneytisins fyrir Barnvæn sveitarfélög undirrituðu bæjarstjórnir viljayfirlýsingu um að tryggja áframhald vinnu í þágu réttinda barna og að hugað yrði að samlegðaráhrifum innleiðingar réttinda barna og laga um samþættingu þjónustu í þágu farsældar barna.





Mynd: UNICEF á Íslandi

## Réttinda- skóli og frístund

Barnasáttmálinn til  
grundvallar öllu starfi

Í Réttindaskólum og -frístund er Barnasáttmálinn lagður til grundvallar öllu starfi; skipulagningu, stefnumótun og starfsháttum, og þannig verða réttindi barna rauður þráður í skóla- og frístundastarfi. Við styðjum við leik- og grunnskóla, frístundaheimili og félagsmiðstöðvar í að auka áhrif barna, fræða starfsfólk og börn um réttindi barna, meta umhverfið út frá þörfum barna og gera nauðsynlegar breytingar. Þegar þátttakendur geta sýnt fram á að árangur hafi náðst fá þeir viðurkenningu Réttindaskóla og -frístundar UNICEF.

# Lykilárangur

## Áhrif á 17.200 börn

- 120 leik- og grunnskólar, frístundaheimili og félagsmiðstöðvar vinna að réttindum barna í sam starfi við UNICEF á Íslandi. Þar af eru 56 með viður kenningu Réttindaskóla og -frístundar.
- 17.200 börn eru í leik- eða grunnskóla sem innleiðir Barnasáttmálann í gegnum Réttindaskóla og -frístund,
- Rúmlega 1.000 stjórnendur og starfsmenn skóla og frístundar sóttu vinnustofur UNICEF um réttindafræðslu og réttindi barna í skóla- og frístunda starfi árin 2022–2024.
- Þekking barna á réttindum sínum eykst umtalsvert í grunnskólum sem innleiða Barna sáttmálann í samstarfi við UNICEF. Hlutfall barna sem vita að réttindin í Barnasáttmálanum eiga við um þau eykst að meðaltali úr 53% við upphaf innleiðingar í 81% við fyrsta endurmat.
- Þekking starfsfólks á Barnasáttmálanum eykst einnig og hlutfall starfsfólks sem finnst þau hafa nægan tíma til að tryggja þátttöku og áhrif barna eykst að meðaltali úr 39% við upphaf innleiðingar í 52% við fyrsta endurmat.
- Fyrstu Réttindaskólar á leikskólastigi í heiminum fengu viðurkenningu árið 2023. Við þróuðum leiðir til þess að auka réttindi leikskólabarna í leikskólum í samstarfi við Háskóla Íslands, Reykjavíkurborg og leikskóla í Kópavogi og á Akureyri.





**María Helen Eiðsdóttir**  
// skólastjóri Fossvogsskóla

## VIÐTAL

# Réttindaskóli og -frístund ýtir undir skilning á lýðræðislegu skólastarfi

Fossvogsskóli hóf þátttöku í Réttindaskóla og -frístund árið 2021. María Helen Eiðsdóttir, skólastjóri, segir stjórnendur skólans hafa rennt algjörlega blint í sjóinn í fyrstu, óviss um það hvað þetta þýddi fyrir skólann. Markmiðið var að auka lýðræði í skólastarfinu og segir María það hafa tekist: „Réttindaskóli og -frístund hefur ýtt undir skilning á lýðræðislegu skólastarfi hjá starfsfólki og þannig stutt vel við það markmið og búið því betri hljómgrunn innan skólans.“

### **Verkefni tvinnuð saman**

Unnið hefur verið markvisst að því að tengja réttindi barna við verkefni og stefnur sem

skólinn vinnur að. „Ég er bara að tvinna þetta allt saman, öll þessi verkefni sem við erum að vinna með og þar erum við að tikka í ofboðslega mörg box í einu,“ segir María og nefnir sérstaklega umhverfisráð, leiðsagnarnám, uppeldi til ábyrgðar og hæfniviðmið aðalnámskrár sem hægt er að tengja við innleiðingu Barnasáttmálans.

Árangurinn lætur ekki á sér standa: „Ég er farin að heyra þessa orðræðu útundan mér hér á göngum skólans,“ segir María. Hún segir börnin farin að átta sig á því að þau eigi réttindi og heyrir þau reglulega velja fyrir sér muninum á réttindum



Nemendur Fossvogsskóla skipulögðu dansmarabon og tengdu saman markmið Réttindaskóla og Grænfánaskóla.

og forréttindum á ganginum. „Ég upplifi að börnin eru meðvituð um réttindi sín og eru meðvituð um það að réttindin gilda um öll börn.“

**Börnin láta gott af sér leiða**

Það sem stendur upp úr hjá Maríu Helen er dansmarabon sem nemendur skipulögðu og tengdu saman markmið Réttindaskóla og Grænfánaskóla. Þau söfnuðu áheitum til að styðja við kaup á 16 vatnsdælum fyrir börn sem búa við skort á aðgengi að

“Ég upplifi að börnin eru meðvituð um réttindi sín”

hreinu vatni. „Þetta var ótrúlega gaman og krakkarnir geta ekki beðið eftir því að fá að gera þetta aftur! Þau lögðu mikið á sig og upplifðu að það væri gaman, að þau væru að láta gott af sér leiða og að þau væru að gera eitthvað sem skipti máli.“



**Birna Baldursdóttir  
og Heiðar Ríkharðsson**  
// Giljaskóla

## VIÐTAL

# Börn knýja fram breytingar í Giljaskóla

Í Giljaskóla hefur Réttindaráð skólans verið virkt og rödd barna í ráðinu hefur styrkst mikið frá því að innleiðing Barnasáttmálans hófst árið 2019. Umsjónarmenn Réttindaskóla og -frístundar, Birna Baldursdóttir og Heiðar Ríkharðsson, segja ástæðuna vera þá að börnin upplifi raunverulega að það sé hlustað á þau og að hugmyndir þeirra verði að veruleika. „Það er góður kjarni barna sem mætir á fundi ráðsins og hefur gaman af og stjórnendur eru farnir að nýta ráðið,“ segir Birna og þau útskýra að stjórnendur skólans hiki ekki við að senda mál inn á borð ráðsins til umfjöllunar áður en ákvarðanir eru teknar. Dæmi

eru um að þátttaka barna í ráðinu hafi verið svo valdeflandi að börnin sækist eftir meiri áhrifum með þátttöku í ungmenningaráði sveitarfélagsins.

### Sameiginlegt réttindatungumál

Í gegnum verkefnið hafa börn og starfsfólk öðlast sameiginlegt tungumál. Réttindatungumálið hafa þau getað nýtt bæði innan veggja skólans til þess að leysa ágreining en einnig utan þeirra. Giljaskóli deilir bílastæði með leikskóla, en stæðið er lítið og skapast oft umferðaröngþveiti þegar verið er að skutla börnum í og úr skóla. Í tengslum við það mál kom skólastjórinn á



fund Réttindaráðs. Börnin vildu senda bæjarstjórn erindi vegna málsins en skólastjórinn spurði þá hvort þau vildu ekki frekar óska eftir nýju útsvæði heldur en úrbótum á bílastæðinu? Þá svaraði barn í 4. bekk: „Nei við ætlum að fá öryggi fyrst og leiksvæði svo!“

Heiðar segir skólann nýta réttinda-tungumálið til þess að þrýsta á umbætur.

Akureyrarbær var fyrstur til að hljóta viðurkenningu sem Barnvænt sveitarfélag á Íslandi og hefur áhersla á réttindi barna aukist hjá bænum síðastliðin ár. Heiðar segir greinilegt að bæjarstjórnendur þekki Réttindaskóla og -frístund og upplifir að sem umsjónarmaður fái hann áheyrn þeirra.

Mynd: UNICEF á Íslandi

### Stuðningurinn til staðar

UNICEF styður við innleiðinguna með fræðslu og handleiðslu. Samstarfið við UNICEF finnst Birnu og Heiðari hafa gengið vel: „Ef við þurfum ykkur, þá eruð þið til staðar,“ segir Birna.

„Tilfinningin hefur verið þannig allan tímann,“ bætir Heiðar við. „Við finnum að við getum leitað til ykkar hvenær sem er, með hvað sem er,“


segir Birna og Heiðar bætir við: „Viðmót ykkar er alltaf jákvætt og uppbyggjandi.“

## Öryggi fyrst og leiksvæði svo!



*Börn fylgjast með viðurkenningarathöfn á Akureyri í tilefni því að bæjarfélagið fékk fyrst íslenskra sveitarfélaga sem Barnvænt sveitarfélag.*





## Mælanlegur árangur í grunnskólum

Þátttakendur í Réttindaskóla og -frístund þurfa að sýna fram á mælanlegan árangur til að hljóta viðurkenningu. Í grunnskólum eru lagðar kannanir fyrir börn og starfsfólk þar sem þekking á réttindum barna og viðhorf til þátttöku barna eru sérstaklega könnuð. Kannanirnar sýna meðal annars að:

» **þekking barna á réttindum hefur aukist.** Stór hluti grunnskólabarna hefur heyrt um Barnasáttmálann en í skólum sem sinna markvissri réttindafræðslu hafa nær öll börn heyrt um sáttmálann.

» **fleiri börn vita að réttindin í Barnasáttmálanum eigi við um þau.** Áður en markviss barnaréttindafræðsla fer fram veit aðeins um helmingur barnanna að réttindi sáttmálans eigi við um þau. Í Réttindaskólum hækkar hlutfallið í 81% barna eftir að innleiðing Barnasáttmálans hefst.

» **börn í Réttindaskóla eru líklegri til þess að vita að það er ekki hægt að taka mannréttindi þeirra af þeim.** Hlutfallið hefur aukist um 25% að meðaltali í Réttindaskólum.

» **skilningur hefur aukist meðal starfsfólks** Réttindaskóla á því að réttindum barna fylgi ekki skyldur fyrir börn heldur beri fullorðin ábyrgð á að tryggja að réttindi barna verði að veruleika.

» **upplifun starfsfólks á því hvort þeim gefist nægur tími til þess að tryggja þátttöku barna í sínu starfi breytist.** Algengt er að starfsfólk upplifi minna rými til þess að tryggja þátttöku barna eftir því sem tíminn líður. Það gæti skýrst af aukinni meðvitund starfsfólks um mikilvægi þátttöku barna.







**Anna Magnea Hreinsdóttir**  
// lektor við kennslu- og menntunar-  
fræðideild Háskóla Íslands

## PISTILL

# Börn áhrifavaldar í Réttindaskólum á leikskólastigi

Fimm leikskólar Reykjavíkurborgar hafa verið í samstarfi við UNICEF og Menntavísindasvið Háskóla Íslands um innleiðingu ákvæða Barnasáttmálans á markvissan hátt í starfshætti leikskólanna frá árinu 2022. Tilgangurinn með því er að valdefla börnin, hlusta á hugmyndir þeirra og sjónarmið og stuðla að því að þau verði raunverulegir áhrifavaldar í leikskólanum. Markmiðin endurspeglu áherslu Menntastefnu Reykjavíkurborgar á að öll börn vaxi, dafni og uni sér saman í lýðræðislegu samfélagi sem einkennist af mannréttindum og virðingu fyrir fjölbreytileika mannlífs (Reykjavíkurborg, 2019).

Gengið er út frá því að börn séu sérfræðingar í lífi sínu, geti myndað sér skoðanir á málefnum sem þau varða, látið þær í ljós og haft áhrif á daglegt líf sitt.

### Réttindi barna sýnilegri

Margt hefur gengið vel í verkefninu og má þar helst nefna að réttindi barna eru orðin sýnilegri í leikskólunum og hefur þekking barna, starfsfólks og foreldra aukist til muna. Hefur starfsfólk leikskólanna haft á orði að það hafi hugsað hlutina upp á nýtt og velt fyrir sér hvernig hægt sé að auka réttindi barna og áhrif þeirra í daglegu starfi. Einn stjórnandi sagði:





Ísland er eina landið í heiminum sem hefur innleitt Réttindaskóla á leikskólastig.

Mynd: UNICEF á Íslandi

„Starfið í vetur hefur að mestu gengið út á að byggja upp með börnunum áframhaldandi lýðræðislegt umhverfi. Starfsmenn hafa fengið mikla fræðslu og verkfæri í hendurnar til að vera færir í að innleiða Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna í allt starf leikskólans. Þetta verkefni hefur breytt starfinu mikið í leikskólanum og kemur að öllum þáttum starfsins. Börnin eru meðvitaðri um réttindi sín og eru örugg að tjá skoðanir sínar og væntingar til námsins.“

“**Þetta verkefni hefur breytt starfinu mikið**

**Ólík nálgun að sama markmiði**  
Samráðsfundir hafa verið haldnir í leikskólunum og hefur starfsfólki fundist gefandi og gagnlegt að heimsækja hina leikskólana og fá hugmyndir sem tengjast þróunarverkefninu. Leikskólakennari hafði orð á eftirfarandi:  
„Það voru mjög lærdómsríkar heimsóknir á milli leikskóla, þar

sem við fengum fjölbreyttar hugmyndir fyrir verkefni og líka að spjalla við hitt starfsfólkið.“

Verkefnið hefur varpað ljósi á hvernig hver leikskóli vinnur að innleiðingu Barnasáttmálans og því að efla lýðræði og réttindi barna með mismunandi nálgunum og áherslum. Sam-

eiginlegir þættir fela í sér áherslu á lýðræði, þátttöku barna og samskipti við foreldra, ásamt áskorunum sem fylgja innleiðingu nýrrar hug-

myndafræði í leikskólastarfi. Hver leikskóli er með áherslu innan verkefnisins, til dæmis á hvíld barna, valfrelsi, útiveru eða hlutverkaleik. Hluti af verkefninu er að upplýsa foreldra og efla vitund þeirra um Barnasáttmálann. Liður í því er að miðla því til foreldra hvernig börnin taka þátt í starfinu og hvernig leikskólinn stendur vörð um réttindi þeirra.





Mynd: UNICEF á Íslandi

## Barna- réttinda- fræðsla

Lykilatriði í að gera  
réttindi barna að veruleika

Ávinningurinn af barnaréttindafræðslu er margvíslegur og regluleg fræðsla er lykilatriði í því að gera réttindi barna að veruleika. Rannsóknir sýna að börn sem þekkja réttindi sín eru umburðarlyndari, virða frekar fjölbreytileika, eru líklegri til þess að taka afstöðu gegn einelti og öðru ranglæti, standa betur vörð um eigin réttindi og annarra og eru betur undirbúin til þess að leita sér aðstoðar ef þau verða fyrir ofbeldi eða misnotkun, eða upplifa annars konar réttindabrot. Það er ekki síður mikilvægt að fullorðið fólk þekki réttindi barna því okkur ber skylda til að standa vörð um þau.

# Lykilárangur

UNICEF sinnir margvíslegri barnaréttindafræðslu á Íslandi, meðal annars í gegnum Barnvæn sveitarfélög og Réttindaskóla og -frístund, en einnig í öðrum verkefnum. Lykilárangur okkar í barnaréttindafræðslu er til dæmis:

- Í samstarfi við Barnaheill – Save the Children á Íslandi, Menntamálastofnun og Umboðsmann barna á Íslandi bjuggum við til vefinn barnasattmali.is þar sem hægt er að fræðast um sáttmálann.
- 2.300 manns hafa klárað barnaréttindanámskeið á UNICEF Akadémíunni. Til þess að auka aðgengi að barnaréttindafræðslu UNICEF opnuðum við rafræna fræðsluvettvanginn

UNICEF Akadémíuna sem er aðgengilegur öllum áhugasömum.

- Um 4.000 grunnskólabörn taka árlega þátt í UNICEF Hreyfingunni og fá fræðslu um réttindi barna og stuðninginn sem UNICEF veitir börnum um allan heim.
- Á alþjóðadegi barna árin 2021 og 2022 sendum við öllum grunnskólum landsins kennsluefni fyrir fræðslu um jafnræði og þátttöku barna.
- Um 50 barnaréttinda-myndbönd, námskeið, handbækur, leiðbeiningar og kennsluefni fyrir börn og fullorðin má finna á vef UNICEF á Íslandi, [unicef.is](http://unicef.is)



Veggspjöld með yfirliti yfir greinar Barnasáttmálans eru aðgengileg á [barnasattmali.is](http://barnasattmali.is)



## Barnasáttmálinn gerður aðgengilegur

Það skiptir máli að börn og fullorðin geti kynnt sér efni Barnasáttmálans á auðveldan og aðgengilegan hátt. Við höfum átt farsælt samstarf við Barnaheill, Menntamálastofnun og Umboðsmann barna við að gera Barnasáttmálann aðgengilegan og sýnilegan. Árið 2009 opnaði fyrsti vefurinn tileinkaður Barnasáttmálanum og var veggspjöldum með greinum sáttmálans dreift til allra grunnskóla af því tilefni.

Á alþjóðadegi barna árið 2020 var vefurinn uppfærður með nýjum táknum Barnasáttmálans sem UNICEF og samtökin Child Rights Connect hönnuðu í samstarfi við börn víða um heim. Vefsíðan er mikið notuð enda er þar að finna barnvæna útgáfu af Barnasáttmálanum, ásamt Barnasáttmálanum á táknmáli og á 18 öðrum tungumálum. Þá er þar ýmis fræðsla og hægt er að nálgast veggspjöld og bæklinga hjá Miðstöð menntunar og skólalþjónustu.



Mynd: UNICEF á Íslandi

## DÆMI


# Börn grípa til aðgerða

**UNICEF Hreyfingin er fræðslu- og fjáröflunarverkefni fyrir grunnskóla sem hleypt var af stokkunum árið 2008. Frá upphafi hafa á bilinu 4.000–7.500 börn tekið þátt árlega og safnað samtals um 65 milljónum króna sem runnið hafa til verkefna UNICEF um allan heim.**

Markmið Hreyfingarinnar er að börnin fræðist um réttindi sín og allra barna og finnist þau um leið hafa áorkað einhverju í þágu jafnaldra sinna sem búa við lakari lífsskjör eða hafa þurft að leggja á flóttu vegna stríðsátaka eða náttúruhamfara. Mikilvægt er að börnin upplifi að hægt sé að leysa vandamál ef gripið er til aðgerða.

Árið 2023 var þema Hreyfingarinnar jafnræði og bann við mismunun. Í undirbúningi barnaréttindafræðslu Hreyfingarinnar var áhersla lögð á þátttöku og áhrif barna. Alls komu um 80 börn að gerð myndbands og fræðsluefnis. Þrjú Réttindaráð grunnskóla unnu hugmyndavinnu og rötuðu fjölmargar hugmyndir þeirra í fræðslumyndband með Ævari Þór Benediktssyni. Þá tók táknmálskór Hlíðaskóla þátt í endurgerð lagsins Enga fordóma í samstarfi við Pollapönk.

Þrjátíu og sex grunnskólar tóku þátt í Hreyfingunni þetta ár eða alls 6.169 börn sem fræddust um réttindi sín og annarra barna og gripu til aðgerða.



Mynd: UNICEF á Íslandi

## Eftirlit með Barnasáttmálanum

UNICEF á Íslandi vinnur með öðrum félagasamtökum að því að fylgjast með innleiðingu Barnasáttmálans og stöðu réttinda barna á Íslandi. Í samstarfi við átta önnur samtök skrifuðum við skýrslu um stöðu barna í tilefni af því að Barnaréttarnefnd Sameinuðu þjóðanna var í reglubundinni úttekt nefndarinnar á stöðu Barnasáttmálans á Íslandi.

Helstu áherslumál okkar voru staða fatlaðra barna, barna af erlendum uppruna og barna sem búa við fátækt.

Félagasamtökin studdu jafnframt við ungmenni sem skiluðu til nefndarinnar skýrslu um stöðu barna frá þeirra eigin sjónarhóli.

Barnaréttarnefndin tók við skýrslunum árið 2020 og bauð félagasamtökunum á sinn fund í byrjun árs 2021. Um mitt ár 2022 skilaði nefndin athugasemdum til stjórnvalda um það sem betur má fara varðandi mannréttindavernd barna á Íslandi.



## Barnaréttindavaktin

Við vinnum með öðrum félagasamtökum að því að þrýsta á um virðingu fyrir réttindum allra barna á Íslandi. Níu félagasamtök vinna saman undir nafninu Barnaréttindavaktin en það eru ásamt UNICEF á Íslandi: Barnaheill, Heimili og skóli, Mannréttindaskrifstofa Íslands, Rauði krossinn, Samfés, UMFÍ, Þroskahjálp og ÖBÍ. Barnaréttindavaktin skrifaði sameiginlega skýrslu félagasamtakanna til Barnaréttarnefndar Sameinuðu þjóðanna og hefur staðið að sameiginlegum umsögnum og yfirlýsingum varðandi ýmis málefni sem snúa að börnum.

Barnaréttindavaktin heldur einnig utan um „talsmenn barna á Alþingi“, en hlutverk talsmanna barna er að vera málsvarar réttinda barna á Alþingi í samræmi við Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna. Þingmennirnir fá barnaréttindafræðslu og strengja þess heit að standa með réttindum barna í störfum sínum á Alþingi.

## Börn þjálfva þingmenn

Verkefnið Talsmenn barna á Alþingi hófst með tilnefningu þingmanna úr öllum þingflokkum Alþingis árið 2014. Þingmennirnir undirrituðu yfirlýsingu um að þau myndu vinna að hagsmunum barna á Alþingi og leggja Barnasáttmálann til grundvallar í störfum sínum. Verkefnið er samstarfsverkefni Barnaréttindavaktarinnar og hafa talsmenn barna á Alþingi nú verið skipaðir fjórum sinnum. Árið 2022 fengu nýskipaðir talsmenn barna á Alþingi þjálfun frá börnum um Barnasáttmálann og réttindi barna.

„Ungmennin spurðu okkur krefjandi spurninga um málefni sem skipta þau máli. Um geðheilbrigði, loftslagsmál, stafrænt ofbeldi og lýðræði,“ sagði Hafdís Hrönn Hafsteinsdóttir, nýr talsmaður barna á Alþingi eftir þjálfunina sem hún tók þátt í.



*Þingmenn léku sér saman og hétu því að tala fyrir hagsmunum barna.*

Mynd: Alþingi Íslands

# Þátttaka og áhrif barna

UNICEF á Íslandi starfar bæði fyrir börn og með börnum. Við tölum fyrir því að börn fái tækifæri til að koma sjónarmiðum sínum á framfæri, en ekki síður að á þau sé hlustað og tekið mark á því sem þau segja. Við styðjum við þátttöku og áhrif barna með því að starfrækja ungmennaráð sem hefur áhrif á okkar eigin störf og með því að gera þátttöku barna í Barnvænum sveitarfélögum og Réttindaskóla og -frístund að skilyrði. Á alþjóðadegi barna ár hvert vekjum við athygli á rétti barna til þátttöku með fjölbreyttum hætti. Í öllum samskiptum við þing og stjórnvöld leggjum við áherslu á rétt barna til þess að hafa áhrif á málefni sem varða þau.

Aukin virðing og vægi barna í samfélaginu krefst viðhorfsbreytinga og því er mikilvægt að fræða bæði börn og fullorðin. Við höfum gefið út námskeið og leiðbeiningar sem styðja við þátttöku barna, haldið vinnustofur með ungmennaráðum um land allt og staðið fyrir ráðstefnu sem fjallaði um þátttöku barna.



# Lykilárangur

## Lykilárangur okkar varðandi þátttöku og áhrif barna er til dæmis:

- Virk þátttaka ungmenna í ungmennaráði UNICEF frá árinu 2006. Ráðið hefur staðið fyrir fjölmörgum herferðum og uppákomum sem vekja athygli á réttindum barna á Íslandi og annars staðar í heiminum.
- Í stjórn UNICEF eiga sæti áheyrnarfulltrúi ungmennaráðs UNICEF og atkvæðabær fulltrúi ungmenna sem taka fullan þátt í stjórnarstörfum með stuðningi frá landsnefndinni.
- Um 70 ungmenni taka þátt í innleiðingu Barnvænna sveitarfélaga í gegnum ungmennaráð sveitarfélaganna.
- Í öllum Réttindaskólum eru starfrækt Réttindaráð sem leiða innleiðingu Barnasáttmálans í skólanum. Í Réttindaráði eru börn í meirihluta.
- 60 fulltrúar ungmennaráða frá 18 sveitarfélögum, ásamt ungmennaráði UNICEF á Íslandi, fengu fræðslu um áhrif loftslagskrísunnar á réttindi barna í lok árs 2023. Þau settu saman tillögur um hvernig sveitarfélög geta lagt sitt af mörkum og sendu til ráðamanna sveitarfélaganna ásamt yfirlýsingu um að sveitarfélög bregðist betur við loftslagskrísunni.
- 90 manns sem starfa með börnum sóttu ráðstefnu UNICEF um þátttöku barna og þáttökuleiðir þar sem börnum eru tryggð tækifæri til áhrifa árið 2022.
- 80 fulltrúar ungmennaráða Barnvænna sveitarfélaga tóku þátt í vinnustofum UNICEF í Reykjavík, Akureyri, Egilsstöðum og Flúðum árið 2022, þar sem fjallað var um réttinn til þátttöku og þáttökuleiðir barna innan sveitarfélaga.
- Ungmennaráð Barnvænna sveitarfélaga mótuðu í sameiningu góð ráð til sveitarfélaga um starfsemi ungmennaráða og sendu þau til allra sveitarfélaga á landinu.
- Við höfum gefið út fjölda námskeiða, leiðbeiningar og verkefnahefti sem fjalla sérstaklega um þátttöku barna og ungmenna og finna má á vef UNICEF.

## DÆMI

# Börn sem hreyfiafl breytinga

Til þess að efla þekkingu á þátttöku barna unnum við á árunum 2021–2023 að fjöldamörgum verkefnum í samstarfi við sex aðrar landsnefndir UNICEF undir yfirskriftinni *Börn sem hreyfiafl breytinga*. Verkefnið var styrkt af Evrópusambandinu.

### Árangur verkefnisins var:

- » Rafrænn fræðsluvettvangur til þess að ná til allra samstarfsaðila okkar með barnaréttindafræðslu. Þar er að finna meðal annars rafrænt námskeið um réttindamiðaða þátttöku barna.
- » Matstæki fyrir ungmennaráð sveitarfélaga til þess að meta gæði þátttöku ráðsins.
- » Vinnustofur fyrir ungmennaráð Barnvænna sveitarfélaga um allt land og stóðum fyrir fjölmennri ráðstefnu um þátttöku barna.
- » Samstarf við ungmenni við gerð skilaboða og myndbanda fyrir alþjóðadag barna og verkefni fyrir skóla sem fylgdi myndböndum.
- » Samstarf við leikskóla um þróun á Réttindaleikskólum.
- » Handbækur og leiðbeiningar fyrir ungmennaráð.

## Áhrif barna á starf UNICEF

UNICEF starfar fyrir börn og með börnum. Í verkefnum okkar leggjum við áherslu á að fá fram sjónarmið barna ef þess gefst kostur, enda varða öll okkar verkefni hagsmuni barna. Ungmennaráð UNICEF hefur verið starfrækt frá árinu 2006. Ráðinu var ætlað að vera ráðgefandi við störf landsnefndarinnar en það hefur jafnframt staðið að fjölmörgum sjálfstæðum verkefnum. Ráðið hefur lagt áherslu á að vekja athygli á störfum UNICEF í þágu barna, en einnig á stöðu barna á Íslandi svo sem rétti barna

til þátttöku og áhrifa, rétti til geðheilbrigðisþjónustu og rétti barna á flóttu til verndar og umönnunar.

Ungmennaráð á tvo fulltrúa í stjórn UNICEF sem taka fullan þátt í stjórnarstörfum með stuðningi frá starfsfólki okkar. Yngri fulltrúinn situr í ungmennaráði og hefur stöðu áheyrnarfulltrúa í stjórn þar sem börn mega ekki taka sæti í stjórnnum. Eldri fulltrúinn er ung manneskja sem hefur áður átt sæti í ungmennaráði og er atkvæðabær fulltrúi ungmenna í stjórn.



UNICEF vann verkefnið *Vertu breytingin* í samstarfi við anti-rasistana og fleiri aðila.

## DÆMI

# Vertu breytingin

Alþjóðadagur barna er haldinn hátíðlegur þann 20. nóvember ár hvert. Við höfum lagt áherslu á að gefa börnum orðið þann dag og hefur ungmennaráð UNICEF tekið virkan þátt í undirbúningi dagsins undanfarin ár.

Árið 2022 vann ungmennaráð UNICEF með hópi ungmenna að verkefninu *Vertu breytingin* þar sem annars vegar var vakin athygli á þeim fordómum sem börn verða fyrir á Íslandi sökum húðlitar, fötlunar, félagslegrar stöðu og jafnvel vegna þess eins að þau eru börn, og hins vegar mikilvægi þess að hlusta

á raddir barna. Verkefnið vann ungmennaráð UNICEF með Anti-rasistum, Menntakerfinu okkar og Eiði Welding, varaformanni félags einstaklinga með CP og aðstandenda.

Ungmennin unnu myndband sem dreift var í alla grunnskóla landsins við góðar undirtektir. Myndbandið endaði hópurinn á orðunum: „Ekki vera kynslóðin sem fer í sögubækurnar fyrir að afskrifa skoðanir okkar. Vertu breytingin sem fer í sögubækurnar fyrir að hlusta á okkur!“

# Börn á flóttu

Börn á flóttu er einn viðkvæmasti hópur barna í heiminum í dag. Árið 2015 tók börnum sem sækja um alþjóðlega vernd á Íslandi að fjölga. Barnasáttmálinn gildir um öll börn sem dvelja á Íslandi, óháð uppruna eða lagalegri stöðu. Sérstaklega þarf að huga að rétti barna til menntunar, heilbrigðisþjónustu og jafnra tækifæra. Hvort sem börn eru enn í umsóknarferli um alþjóðlega vernd eða hafa hlotið dvalarleyfi á Íslandi, þarf að tryggja að þau búi við öruggar aðstæður og njóti grundvallar-mannréttinda sinna. Í því felst einnig að koma í veg fyrir að

börnum sé mismunað eða þau verði fyrir fordómum.

Við höfum talað skýrt fyrir réttindum barna á flóttu í yfirlýsingum og umsögnum til stjórnvalda, og höfum stutt rannsóknir og lagt fram þekkingu á stöðu barna á flóttu á Íslandi sem byggir á þeirra eigin sjónarmiðum. Við höfum unnið með stjórnvöldum, félagasamtökum og fólki á flóttu að því að fræða um réttindi barna á flóttu og bæta aðstæður þeirra.



# Lykilárangur

## Lykilárangur okkar í málefnum barna á flóttu er:

- Niðurstöður og ábendingar samnorrænnar skýrslu UNICEF um stöðu mannréttinda barna sem sækja um alþjóðlega vernd voru kynntar árið 2018. Landsnefndir UNICEF á Norðurlöndunum unnu að skýrslunni Vernduð í raun? í samstarfi við alþjóðlega rannsóknarmiðstöð UNICEF, Innocenti. Í undirbúningi skýrslunnar var útlendingalöggjöf norrænu ríkjanna metin í ljósi ákvæða Barna-sáttmálans. Þá var rætt við stjórnvöld ríkjanna um framkvæmd laganna og staða réttinda barna sem sækja um alþjóðlega vernd metin.
- Hátt í 100 börn og sérfræðingar sem starfa við móttöku barna á flóttu tóku þátt í verkefninu HEIMA, móttaka barna sem sækja um alþjóðlega vernd á Íslandi frá sjónarhóli barnsins árið 2019 í samstarfi við félagsmálaráðuneytið og dómsmálaráðuneytið. Unnið var að átta lausnum út frá áskorunum sem börn og foreldrar á flóttu settu fram í viðtölum við UNICEF og kynntar voru fyrir stjórnvöldum.
- Árið 2023 opnaði nýtt úrræði barnaverndar fyrir fylgdarlaus börn. Úrræðið byggði á hugmynd HEIMA um móttökuheimili fyrir fylgdarlaus börn og ungmenni þar sem þeim er tryggð vernd og umönnun meðan á umsóknarferlinu stendur, óháð aldri.
- Yfir 600 manns tóku þátt í fræðslu fyrir kennara um börn á flóttu í samstarfi við Rauða krossinn, Barna- og fjölskyldustofu og Kennarasamband Íslands vorið 2023. Áhersla var lögð á réttindi barna, áfallamiðaða nálgun í skólastarfi og samþætta þjónustu í þágu farsældar barna.
- Rafrænt námskeið fyrir kennara um börn á flóttu var í kjölfarið gefið út árið 2024 og gert aðgengilegt í Farsældarskóla Barna- og fjölskyldustofu.
- Frá árinu 2020 höfum við fimm sinnum veitt tillögum að breytingum á lögum um útlendinga umsögn og talað skýrt fyrir því að réttindi barna sem sækja um vernd njóti verndar.



Ég sé ekki mun á  
[heimaríkinu] og  
Íslandi, nema að ég  
bý við öryggi hér.  
Það er enginn sem  
hjálpar mér.  
Ég er einn.



*Bein tilvitnun úr samtali við  
umsækjanda um alþjóðlega vernd  
á barnsaldri úr verkefni Heima*

## DÆMI

# Heima

Í ársbyrjun 2019 leiddu UNICEF á Íslandi og hönnunarstúdíóið Grallaragerðin saman hesta sína í verkefni HEIMA þar sem móttaka barna í leit að alþjóðlegri vernd var skoðuð frá sjónarhorni barnsins. Áhersla var lögð á að börn og foreldrar lýstu upplifun sinni af móttökuferlinu og að kortleggja ferlið í heild sinni frá sjónarhóli barnsins.

Alls tók 31 barn þátt, auk 12 foreldra og 36 sérfræðinga sem vinna að móttöku barna. Þá bættust við fleiri sögur barna sem aðrir aðilar höfðu safnað. Samtölin við börnin leiddu í ljós áskoranir sem kynntar voru í vinnustofu með starfsfólki frá 16 mismunandi hagaðilum. Sérfræðingarnir unnu að átta lausnum við

áskorunum barnanna, þar á meðal móttökuheimili fyrir fylgdarlaus börn, heilsugæslu fyrir alla, upplýsinga- og félagsmiðstöð, listasmiðju og útivistarnámskeiði. Afrakstur verkefnisins var kynntur fyrir félagsmálaráðherra í lok júní 2019 og dómsmálaráðherra í ágúst sama ár. Árið 2023 opnaði svo nýtt úrræði barnaverndar fyrir fylgdarlaus börn sem byggði á hugmynd HEIMA.

Verkefnið hlaut styrk frá félagsmálaráðuneytinu og var undirbúningur og framkvæmd verkefnisins auk þess með þátttöku og í góðu samstarfi við dómsmálaráðuneytið, Útlendingastofnun, Listaháskóla Íslands, Hönnunarmiðstöð Íslands og Umboðsmann barna.



## DÆMI

# Fræðsla um börn og áföll

Árið 2022 fjölgaði börnum á flóttu á Íslandi hratt vegna móttöku flóttafólks frá Úkraínu og Venesúela. Í kjölfarið höfðu fjölmargir skólar samband til þess að leita ráða varðandi umönnun barna sem hafa orðið fyrir áföllum. UNICEF á Íslandi efndi til samstarfs við Rauða krossinn á Íslandi, Barna- og fjölskyldustofu og Kennarasamband Íslands við þróun og framleiðslu rafræns námskeiðs fyrir kennara þar sem áhersla var lögð á réttindi barna, áfallamiðaða nálgun í skólastarfi og samþætta þjónustu í þágu farsældar barna.

Mikill áhugi reyndist vera á slíkri fræðslu og sóttu yfir 600 manns tvær opnar fræðslur á Teams vorið 2023. Í kjölfarið fékk hópurinn styrk frá mennta- og barnamálaráðuneytinu til þess að taka fræðsluna upp og gera aðgengilega öllum áhugasömum.

Haustið 2024 var rafræna fræðslan kynnt á vel sóttu málþingi í Norræna húsinu sem bar heitið *Stuðningur við börn í íslensku skólakerfi*.

# Áhrif loftslagsbreytinga á réttindi barna

Aðgerðir okkar í loftslagsmálum í dag munu hafa bein áhrif á tækifæri milljóna ef ekki milljarða barna til að njóta réttar síns til lífs og þroska í náginni framtíð. Skaði vegna áhrifa loftslagsbreytinga felur í sér aukna dánartíðni barna, langvarandi áhrif á vitsmuna- og líkamsþroska þeirra, geðheilbrigði, menntun og auknar líkur eru á ofbeldi og misnotkun.

Barnaréttarnefnd Sameinuðu þjóðanna hefur gefið út tilmæli til aðildarríkja um réttindi barna og umhverfið með sérstaka áherslu á loftslagsmál. Þar er tiltekið að aðildarríkjum beri ekki aðeins skylda til að vernda börn gegn yfirvofandi skaða heldur einnig gegn fyrirsjáanlegum brotum gegn réttindum þeirra í framtíðinni, ýmist vegna aðgerða eða aðgerðaleysis viðkomandi ríkja.

Þrátt fyrir að losun Íslands vegi ekki þungt í alþjóðlegum samanburði þá skipta aðgerðir Íslands máli. Ísland er hátekjuríki með háa losun á hvern íbúa. Lífsstíll og hagkerfi Íslendinga eru kostnaðarsöm fyrir framtíð – og nútíð – milljóna barna í lág- og millitekjuríkjum sem mega þola mesta skellinn af áhrifum loftslagsbreytinga og hnignun vistkerfa.

Við þrýstum á stjórnvöld um að grípa til aðgerða gegn loftslagsvánni og leggjum áherslu á að fræða stjórnvöld og almenning um áhrif loftslagsbreytinga á réttindi barna. Við tökum þátt í stefnumótun stjórnvalda á þessu sviði og vinnum með börnum og ungmennum að því að koma þeirra skoðunum og hugmyndum á framfæri.



# Lykilárangur

## Lykilárangur okkar varðandi áhrif loftslagsbreytinga á réttindi barna:

- Við höfum kynnt lykil-skýrslur UNICEF og Barnaréttarnefndarinnar um áhrif loftslagsbreytinga á réttindi barna.
- Ungmennaráðið okkar fékk fræðslu um loftslagsmál frá Ungum umhverfissinum í undirbúningi fyrir fund ungmennaráða Barnvænna sveitarfélaga í Hörpu 2023.
- 60 fulltrúar ungmennaráða frá 18 Barnvænum sveitarfélögum tóku þátt í fundi um áhrif loftslagsbreytinga á réttindi barna í samstarfi við Unga umhverfissinna.
- Ungmennaráð UNICEF bjó til myndband með áskorun ungmennaráða til stjórnvalda í tilefni af alþjóðadegi barna 2023.
- Við stóðum fyrir málþingi í samstarfi við Unga umhverfissinna, Íslandsdeild Amnesty International og UN Women í aðdraganda COP28 haustið 2023. Markmið þess var að varpa ljósi á hvernig

loftslagsbreytingar ýta undir átök og erfiðleika í ólíkum heimshlutum.

- Við fengum sérfræðing UNICEF í loftslagsmálum til að ávarpa hádegis-verðarfund fyrir samstarfsaðila úr atvinnulífinu árið 2022.
- Við þrýstum á um að spilliáhrif Íslands yrðu tekin með í reikninginn við gerð aðgerðaáætlunar stjórnvalda um Sjálfbært Ísland og fékkst það í gegn.
- Við höfum tryggt fjölmiðla-athygli á áhrif loftslagsbreytinga á réttindi barna, svo sem með ítarlegum umfjöllunum um áhrif ofsahita á heilsu og vellíðan barna, áhrif vatnsskorts á líf barna, ásamt því að kynna almenna athugasemd Barnaréttarnefndarinnar nr. 26 um réttindi barna og umhverfið, með sérstaka áherslu á loftslagsbreytingar.

## DÆMI

# Ungmennaráð sveitarfélaga sameinuðust í ákalli um aðgerðir í loftslagsmálum

Þann 2. nóvember 2023 söfnuðust ungmennafulltrúar 18 sveitarfélaga saman í Hörpu á fundi sem haldinn var af ungmennaráði UNICEF á Íslandi í samstarfi við Unga umhverfissinna. Á fundinum sameinuðust ungmennaráðin í ákalli til stjórnvalda um aðgerðir í loftslagsmálum.

„Í dag, á Alþjóðadegi barna, viljum við deila því hvað okkur finnst og hvað stjórnvöld skulu gera til þess að tryggja okkur bjarta framtíð.“ Þannig hófst ákall ungmennanna. Þar


kölluðu ungmennin eftir endurheimt votlendis sem framræst hefur verið og verndun þess náttúrulega votlendis sem enn er til staðar á Íslandi. Ungmennin kölluðu einnig eftir bættum almennings-samgöngum, þá sérstaklega utan höfuðborgarsvæðisins, og bættri fræðslu til barna um loftslagsmál. Þá bentu ungmennin einnig á mikilvægi þess að tryggja aðkomu barna að lausnum í loftslagsmálum.



*Ungmennafulltrúar  
sveitarfélaganna söfnuðust  
saman í Hörpu og kölluðu eftir  
aðgerðum í loftslagsmálum.*







# Málsvarar barna í 20 ár

UNICEF á Íslandi hefur verið öflugur málsvari barna á Íslandi í 20 ár. Auk þeirra áherslumála sem fjallað er um í hér að framan, höfum við jafnframt unnið að því að börn njóti meiri verndar gegn ofbeldi og að betur sé hugað að geðheilbrigði þeirra. Við höfum rannsakað áhrif fátæktar á réttindi barna og talað fyrir auknum tækifærum barna sem búa við efnislega skort.



## ● Talsmenn barna á

### Alþingi

Verkefninu hleypt af stokkunum í samstarfi við Umboðsmann barna

## ● Heilabrot

Ungmennaráð UNICEF vekur athygli á geðheilbrigði barna og ungmenna

### Vernduð í raun?

Norræn skýrsla um stöðu barna á flótta gefin út

### Skýrsla um stöðu barna sem líða efnislega skort á Íslandi

gefin út í samstarfi við Hagstofu Íslands.

## ● Stöðvum feluleikinn

UNICEF vekur athygli á ofbeldi gegn börnum með vitundavakningu og áskorun til sveitarfélaga og stjórnvalda

## ● HEIMA

UNICEF vinnur með fjölda samstarfsaðila að verkefninu HEIMA: móttaka barna sem sækja um alþjóðlega vernd á Íslandi frá sjónarhóli barna

### Skýrsla

UNICEF sendir í samstarfi við önnur félagsamtökum skýrslu til Barnaréttarnefndar Sameinuðu þjóðanna um stöðu barna á Íslandi

## ● Skýrsla um stöðu barna sem líða efnislega skort á Íslandi

Önnur skýrsla kemur út í samstarfi við Hagstofu Íslands.

## ● Fíásól

Samstarf UNICEF og Borgarleikhússins

## ● Fundur um loftslagsmál

Ungmennaráð UNICEF í samstarfi við *Unga umhverfissinna og ungmennaráð Barnvænna sveitarfélaga*

### Rafræn fræðsla

Rafræn fræðsla um börn á flótta og áhrif áfalla á börn gefin út í samstarfi við *Rauða krossinn, Barna- og fjölskyldustofu og Kennarasamband Íslands*

2014

2015

2016

2017

2018

2019

2020

2021

2022

2023

2024

## ● Barnvæn sveitarfélög og Réttindaskóli og -frístund

Tilraunaverkefni hefst

### Fyrstu viðurkenningar

Fyrstu Réttindaskólar og -frístundir fá viðurkenningu UNICEF

### Fyrsta Barnvæna sveitarfélagið

Fyrsta sveitarfélagið fær viðurkenningu sem Barnvænt sveitarfélag

## ● Barnasattmali.is

Vefurinn uppfærður í samstarfi við *Barnaheill, Umboðsmann barna og Menntamálastofnun*

### Akademían opnar

Rafrænn fræðsluvettvangur um réttindi barna fer í loftið

### Ráðstefna

UNICEF stendur fyrir fjölmennri ráðstefnu um þátttöku og áhrif barna

## ● Réttur barna til þátttöku

Ungmennaráðum sveitarfélaga boðið á vinnustofur víða um land

## ● Fyrstu Réttindaskólar á leikskólastigi

í heiminum fá viðurkenningu UNICEF

### Bæjarstjórafundur

Bæjarstjórafundur Barnvænna sveitarfélaga í Hörpu í samstarfi við *mennta- og barnamálaráðuneytið*



Að hlusta á þessi börn sem hafa orðið fyrir svona hrikalegu ofbeldi eins og kynferðisofbeldi, hvað þau hafa upplifað og gengið í gegnum, hvernig sálarlíf þeirra og sjálfsmynd er brotin, er eitthvað sem maður tekur með sér og gleymir aldrei.



– Jóhanna Sigurðardóttir forsætisráðherra um fund með sérfræðihópi barna sem hafa orðið fyrir ofbeldi.

## Í FÓKUS

# Vernd gegn ofbeldi

Ofbeldi er ein helsta ógn við börn á Íslandi. Til þess að varpa ljósi á útbreiðslu og alvarleika ofbeldis gegn börnum höfum við tekið saman nýjar upplýsingar um stöðuna og vakið athygli á henni. Við höfum lagt áherslu á að sjónarmið barna sem orðið hafa fyrir ofbeldi heyrist og að þögnin um ofbeldi gegn börnum sé rofin.

Við höfum knúið fram fjölmargar jákvæðar breytingar með það að markmiði að koma í veg fyrir ofbeldi gegn börnum í víðtæku samstarfi við stjórnvöld, félagasamtök og einstaklinga

og skapað nýja þekkingu um stöðu barna á Íslandi og þá ógn sem steðjar að þeim sökum ofbeldis. Það er enn langt í land svo hægt sé að segja að ofbeldi gegn börnum hafi verið útrýmt úr íslensku samfélagi. Við munum því halda áfram að beita okkur gegn ofbeldi gegn börnum svo lengi sem þörf er á.

### Árangur aðgerðanna:

- » Niðurstöður skýrslu UNICEF um stöðu barna á Íslandi sem kom út árið 2011 sýndu að ofbeldi er ein helsta ógn við líf og þroska barna á Íslandi.

- » Skýrslan innihélt 16 tillögur um það hvernig mætti efla viðbrögð gegn ofbeldi með því að efna til samstarfs með fagaðilum ríkis og sveitarfélaga, félag-samtökum, lögreglunni og mennta-, heilbrigðis og barnaverndarkerfum. Sérfræðihópur barna sem orðið hafa fyrir kynferðis-ofbeldi, heimilisofbeldi eða vanrækslu fór yfir tillögur fagaðila og bættu við eigin tillögum með aðstoð Barnaverndarstofu, Barnahúss og barnaverndar Reykjavíkur.
- » Áður óbirtar upplýsingar um heimilisofbeldi, kynferðisofbeldi og einelti gegn börnum birtust í skýrslunni Réttindi barna: ofbeldi og forvarnir og vöktu mikla athygli árið 2013.
- » Sérfræðihópur barna kynnti niðurstöður skýrslunnar fyrir ríkisstjórninni, í ráðuneytum og innan lögreglunnar.
- » Sjö tillögur komust strax í framkvæmd árið 2013, meðal annars vitundarvakning um kynferðislegt ofbeldi gegn börnum, húsnæði fyrir Barnahús og fjármagn í forvarnir gegn ofbeldi gegn börnum.
- » Við fylgdum fyrri árangri eftir með útgáfu á nýjum og áður óbirtum upplýsingum um ofbeldi gegn börnum á Íslandi árið 2019. Þar kom fram að 16,4% barna verða fyrir líkamlegu eða kynferðislegu ofbeldi fyrir 18 ára afmælisdaginn sinn.
- » Vitundarvakningin *Stöðvum*

*feluleikinn* fór í loftið í byrjun árs 2019 og vakti mikla athygli. Markmiðið var að benda á ábyrgð allra að grípa inn í ofbeldi gegn börnum.

- » Leiðarvísir fyrir fólk sem hefur áhyggjur af barni var gefinn út og tillaga send til sveitarfélaga um að gera viðbragðsáætlun fyrir starfsfólk sitt ef það verður þess áskynja að barn verði fyrir ofbeldi eða vanrækslu.
- » Skorað var á stjórnvöld að stofna stýrihóp um ofbeldi gegn börnum og var það gert strax sama ár.
- » Í upphafi Covid-faraldursins nýttum við upplýsingarnar til þess að vekja athygli stjórnvalda á aukinni hættu á ofbeldi gegn börnum þegar teknar voru upp takmarkanir á skólastarfi og ljóst var að börn yrðu lokuð inni á heimilum sínum í meira mæli. Stjórnvöld brugðust meðal annars við með því að vekja reglulega athygli á vernd og velferð barna í daglegum sjónvarpsútsendingum um faraldurinn.

## Í FÓKUS

# Áhrif skorts á réttindi barna

Efnislegur skortur og fátækt hefur áhrif á lífsgæði og tækifæri barna á Íslandi. Verulegur munur er á lífi barns sem býr við lítil efni og þeirra sem eiga meira. Ekkert barn ætti að búa við skert tækifæri vegna efnislegrar stöðu foreldra. Sem betur fer er fjöldi barna sem býr við sárafátækt lítill á Íslandi samanborið við önnur lönd, en það þýðir líka að vandamálið er viðráðanlegt og það er hægt að bregðast við – því áhrifin á líf hvers barns eru veruleg.

Í kjölfar bankahrunsins á Íslandi árið 2008 fjölgaði mjög fjölskyldum í verulegum fjárhagslegum vanda. Áhrifin á börn stóðu ekki á sér. UNICEF á Íslandi vildi kanna hver áhrifin væru á réttindi barna og í samstarfi við Hagstofu Íslands var ákveðið að prófa nýja aðferðafræði rannsóknarmiðstöðvar UNICEF, Innocenti, við að mæla áhrif efnislegs skorts á börn. Skýrsla um niðurstöðurnar kom út árið 2016 og vakti mikla athygli í aðdraganda Alþingiskosninga það ár.

Önnur skýrslan um efnislegan skort barna kom út árið 2021. Hún leiddi í ljós að eftir bankahrunið liðu sjö ár þar til áhrifin af auknum efnislegum skorti á börn komu af fullum þunga fram. Það var ekki fyrr en eftir árið 2014 sem staðan tók að batna aftur. Í þeirri skýrslu vakti sérstaka athygli að skortur á tómstundum hafði aukist verulega, en jafnframt skortur á sviði húsnæðis, þröngbýli og raki í húsnæði, hafði aukist.

### Árangur aðgerðanna:

- » Skýrslan *Réttindi barna á Íslandi: Börn sem líða efnislegan skort* var gefin út árið 2016 og fylgt eftir með kynningu fyrir þingmenn og stjórnvöld. Niðurstöður skýrslunnar vöktu mikla athygli í aðdraganda Alþingiskosninga það ár.
- » Undirbúningur fyrir næstu skýrslu hófst árið 2018 í samstarfi við Hagstofu Íslands.
- » Ný skýrsla *Réttindi barna á Íslandi: Börn sem líða efnislegan skort* kom út árið 2021.



Skortur á sviði tómstunda jókst umtalsvert hjá langflestum hópum 6–15 ára barna milli áranna 2009 og 2014 og gekk ekki að fullu til baka árið 2018. Aukninguna má að mestu leyti rekja til skorts á tómstunda-  
iðkun sem virðist hafa fest sig að einhverju leyti í sessi. Árið 2018 bjuggu 17% barna á aldrinum 6–15 ára á heimili þar sem barn skorti tómstundir, samanborið við 8% árið 2009.

– úr skýrslu um efnislega skort barna frá árinu 2021.

# Umsagnir

- |   |   |
|---|---|
| <b>2007</b> Lögfesting samnings Sameinuðu þjóðanna um réttindi barnsins<br>7. mál // <a href="#">UNICEF á Íslandi</a> | <b>2011</b> Samningur Sameinuðu þjóðanna um réttindi barnsins (staðfesting Barnasáttmálans)<br>155. mál // <a href="#">UNICEF á Íslandi</a>                                 |
| <b>2011</b> Áætlun um alþjóðlega þróunarsamvinnu Íslands 2011–2014<br>486. mál // <a href="#">UNICEF á Íslandi</a>    | <b>2012</b> Framkvæmdaáætlun í barnavernd til 2014<br>458. mál // <a href="#">UNICEF á Íslandi</a>  |
| <b>2011</b> Barnalög (réttindi barns, forsjá, sáttameðferð o.fl.)<br>778. mál // <a href="#">UNICEF á Íslandi</a>     | <b>2012</b> Stjórnarskipunarlög (heildarlög)<br>415. mál // <a href="#">UNICEF á Íslandi</a>  |
| <b>2011</b> Fæðingar- og foreldraorlof<br>109. mál // <a href="#">UNICEF á Íslandi</a>                                | <b>2014</b> Fjárlög 2015<br>1. mál // <a href="#">UNICEF á Íslandi</a>  |
| <b>2011</b> Barnalög (réttindi barns, forsjá, umgengni o.fl.)<br>290. mál // <a href="#">UNICEF á Íslandi</a>         | <b>2015</b> Stefna og aðgerðaráætlun í geðheilbrigðismálum til fjögurra ára<br>338. mál // <a href="#">UNICEF á Íslandi</a> // <a href="#">Ungmennaráð UNICEF á Íslandi</a> |

- 2015** Fjölskyldustefna 2017–2021  
813. mál // [UNICEF á Íslandi](#)
- 2017** verslun með áfengi og tóbak  
o.fl. (smásala áfengis)  
106. mál // [UNICEF á Íslandi](#)
- 2017** Fæðingar- og  
foreldraorlof (fæðingarhjálp)  
110. mál // [UNICEF á Íslandi](#)
- 2017** Framkvæmdaáætlun á sviði  
barnaverndar  
378. mál // [UNICEF á Íslandi](#)
- 2017** Þjónusta við fatlað fólk með  
miklar stuðningsþarfir  
438. mál // [UNICEF á Íslandi](#)
- 2017** Kosningar til  
sveitarstjórna (kosningaaldur)  
190. mál // [UNICEF á Íslandi og  
ungmennaráð UNICEF á Íslandi](#)
- 2017** Fæðingar- og foreldraorlof og  
tryggingagjald  
84. mál // [UNICEF á Íslandi](#)
- 2017** Kosningar til  
sveitarstjórna (kosningaaldur)  
40. mál // [UNICEF á Íslandi](#)
- 2018** Almenn hegningarlög (bann við  
umskurði drengja)  
114. mál // [UNICEF á Íslandi](#)
- 2018** Umboðsmaður barna (hlutverk  
umboðsmanns barna,  
ráðgjafarhópur barna og  
barnaþing)  
156. mál // [UNICEF á Íslandi](#)
- 2018** Umboðsmaður Alþingis (OPCAT-  
eftirlit)  
156. mál // [UNICEF á Íslandi](#)
- 2018** Grunnskólar (ritfangakostnaður)  
230. mál //  
Ungmennaráð [UNICEF á Íslandi](#)
- 2019** Undirritun og fullgilding þriðju  
valfrjálsu bókunarinnar við  
Barnasáttmála Sameinuðu  
þjóðanna  
73. mál // [UNICEF á Íslandi](#)
- 2019** Útlendingar (aldursgreining með  
heildstæðu mati)  
115. mál // [UNICEF á Íslandi](#)
- 2020** Útlendingar og atvinnuréttindi  
útlendinga (alþjóðleg vernd,  
brottvísunartilskipunin, dvalar-  
og atvinnuleyfi)  
717. mál // [UNICEF á Íslandi](#)
- 2020** Kynrænt sjálfræði (ódæmigerð  
kyneinkenni)  
22. mál // [UNICEF á Íslandi](#)
- 2020** stjórnarskipunarlög  
(kosningaaldur)  
188. mál // [UNICEF á Íslandi](#)
- 2020** Útlendingar (aldursgreining)  
230. mál // [UNICEF á Íslandi](#)
- 2020** Kosningar til  
sveitarstjórna (kosningaaldur)  
272. mál // [UNICEF á Íslandi](#)
- 2020** Hjúskaparlög (bann við  
barnahjónabandi)  
347. mál // [UNICEF á Íslandi](#)
- 2020** Breyting á ýmsum lögum um  
skatta og gjöld (skattaagir  
hvatar fyrir lögaðila sem starfa til  
almannaheilla)  
342. mál // [UNICEF á Íslandi og  
Hjálparstarf kirkjunnar](#)
- 2022** Þjóðaröryggisstefna fyrir Ísland  
487. mál // [UNICEF á Íslandi](#)
- 2022** Útlendingar (alþjóðleg vernd)  
382. mál // [UNICEF á Íslandi,  
Barnaheill, Landssamtökin  
Proskahjálp og Samfés](#)
- 2024** Útlendingar (alþjóðleg vernd)  
722. mál // [UNICEF á Íslandi](#)

UNICEF á Íslandi gefur út skýrslur og fræðsluefni með það að markmiði að auka þekkingu á réttindum og stöðu barna á Íslandi.

# Útgáfa

## Innleiðing Barnasáttmálans

Handbækur til að styðja sveitarfélög, leik- og grunnskóla, frístundaheimili og félagsmiðstöðvar í innleiðingu Barnasáttmálans.

- *Handbók Barnvænna sveitarfélaga*
- *Handbók: Réttindaskóli og -frístund*
- *Réttindaskóli og -frístund: Handbók fyrir frístund*
- *Réttindaskóli og -frístund: Handbók fyrir leikskóla*

**Fyrirmyndar-  
verkefni**  
Barnvæn  
sveitarfélög 2023

Réttindaskóli og  
-frístund 2024

Fyrirmyndarverkefni unnin af samstarfsaðilum UNICEF í sveitarfélögum, leik- og grunnskólum, frístundaheimilum og félagsmiðstöðvum.

## Þátttaka barna

UNICEF hefur einnig gefið út mikið af efni sem styður við þátttöku barna. Sem dæmi má nefna:

- *Þátttaka barna í skólastarfi (hefti)*
- *Leiðbeiningar um Barnvænt hagsmunamat*
- *Ráð til ungmennaráða sveitarfélaga*
- *Hafðu áhrif: verkfærakistu ungs fólks til áhrifa*
- *Verkefni um jafnræði og þátttöku*



*Auk þessa er mikið af námskeiðum um réttindi barna aðgengileg öllum í gegn um UNICEF Akadémíuna.*

## Rannsóknir á stöðu barna

UNICEF á Íslandi sinnir rannsóknum á stöðu barna á Íslandi og hefur gefið út þó nokkrar skýrslur þess efnis:

- *Staða barna á Íslandi (2011)*
- *Ofbeldi og forvarnir (2012)*
- *Börn sem líða efnislegan skort (2016)*
- *Vernduð í raun? (2018)*
- *HEIMA: börn og alþjóðleg vernd (2019)*
- *Stöðvum feluleikinn: ofbeldi gegn börnum á Íslandi (2019)*
- *Börn sem líða efnislegan skort (2021)*
- *Skuggaskýrsla til Barnaréttarnefndarinnar (2022)*

## Fræðsluefni

UNICEF á Íslandi gefur reglulega út fræðsluefni á ólíku formi:

- *Kennsluheftið: Þekktu réttindi þín*
- *Litabókin: Réttindi barna í regnbogans litum*
- *Stuttmyndin: Við eigum öll réttindi*
- *Réttindaratleikur*



Fræðslu-  
myndir  
UNICEF  
Hreyfingar-  
innar



# Þakkir til samstarfsaðila

Árangur fyrir börn næst ekki nema með aðkomu samfélagsins alls. Í öllum verkefnum okkar eigum við í góðu samstarfi við þá fjölmörgu aðila sem koma að því að annast börn á Íslandi og standa með réttindum þeirra.

Við viljum þakka sérstaklega sveitarfélögum sem vinna með okkur að því að innleiða Barnasáttmálann, þá sérstaklega Akureyri og Kópavogi fyrir að styðja dyggilega við þróunina. Þá viljum við þakka öllu frábæra starfsfólki grunnskólanna fyrir hjálpina við að þróa Réttindaskóla og -frístund. Einnig frístundaheimilunum og félagsmiðstöðvunum sem hafa miðlað þekkingu sinni á lýðræðislegu starfi með börnum af örlæti. Leikskólum í Reykjavík, Kópavogi og Akureyri þökkum við samstarfið við að búa til fyrstu Réttindaleikskóla í heimi, ásamt fræðafólki á Menntavísindasviði Háskóla Íslands.

Við þökkum starfsfólki mennta- og barnamálaráðuneytisins fyrir frábært samstarf á hinum ýmsu sviðum barnamála, ásamt starfsfólki Barna- og fjölskyldustofu.

Þá ber að þakka öllum félögum okkar í hagsmunasamtökum sem standa með réttindum barna.

**Saman stöndum við sterkar – fyrir öll börn.**

unicef  | fyrir öll börn